


Egill Þórðarson (1853–1923)



Egill fæddist 17. september 1853. Sonur Þórðar Jónssonar (1817–1873) og Helgu Jónsdóttur (1815–1860) á Bryggju. Átti systkinin, Þórð (1842–1932), Sigríði (f. 1843), Margréti (1845–1928), Lýð (1848–1930), Jóhannes (f. 1849), Önnu (1851–1918) og Stefán (Stephan Thorsson) (1860–1934).¹

Hann giftist Hildi Sveinsdóttur (1855–1904) 4. nóvember 1880.² Voru þau bræðrabörn.³ Hildur var hnýtt í baki, talin gáfuð kona og umhugað um heimilið.⁴ Eignuðust þau Þórdísi (1878–1961) og Steinunni (1881–1948). Eftir andlát Hildar kvæntist Egill Katrínu Sigurðardóttur (1863–1953) frá Kópsvatni 2. júlí 1907. Katrín var ekkja eftir Eyvind Hjartarson (1848–1898) og áttu þau Krístrínu (1895–1974).⁵ Katrín og Egill eignuðust eitt barn sem dó skömmu eftir fæðingu. Katrín þótti ágæt búkona og var söngelsk.⁶ Egill var ábúandi á Kjóstöðum frá 1881 til dánardægurs 1923.⁷

Sumum þótti hann einkennilegur í háttum og sjón⁸ og Jóhann Kr. Ólafsson (1883–1976) sem tók við búskap á Kjóstöðum af honum lýsti Agli svo:

Egill var fremur stór maður, dökkur á hár og skegg og sköllóttur. Hann hafði alskegg en fremur ritjulegt. Ennið var hátt og pokar yfir augum, sem voru móbrún, vökul og íhyggilisleg, ekki hátt nef, en nokkuð svert en þó vel lagað. Frekar var hann toginleitur og ljós á hörund. ... Hann var gláðsinna og hló þá oft innilega og skríkti. Manna var hann athugulastur og íhugaði eitt og annað gaumgæfilega. Friðsamur og óádeilinn og mikill snyrti- og reglumaður og búhöldur ágætur og manna vinsælastur. Sjaldan mun hann hafa rasað um ráð fram. Var nokkuð flámæltur og hætti oft við að bæta e aftan við setningar.⁹

Hann þótti sómamaður en nokkuð hispurslaus í orði og athöfnum. T.a.m. þótti síður í hans tíð að karlmenn gengu að slætti í síðum ullarnærbuxum einum fata þegar veður var gott. Hikaði Egill ekki við að bregða sér bæjarleið á sumrin án þess að fara í buxur utanyfir.¹⁰

Egill var sagður bæði bókhneigður og góður búmaður auk þess að vera rómuð grenjaskytta. Var heimilið orðlagt fyrir myndarskap. Hann var líka mjög hagur og smíðaði spæni og tóbaksbauka úr hornum og skar út svo fagurlega að orð var á gert. Bar handbragð hans vott um smekkvísi og vandvirkni.¹¹

Egill var lítið gefinn fyrir tónlist og ku hafa sagt að sér væri sama þótt leikið væri á skilvindu við jarðarför sína þegar til stóð að kaupa orgel í sóknarkirkju hans í Haukadal. Hafði hann aftur á móti mikið dálæti á Geysi og mátti sjá Geysisgos frá bænum á Kjóstöðum.¹²

Það vakti athygli þegar Friðrik 8. Danakonungur kom í heimsókn að Kjóstöðum í heimsókn sinni til landsins 1907. Það konungur um að fá að sjá venjulegan bóndabæ og baðstofu og urðu Kjóstaðir fyrir valinu m.a. vegna þess orðspors sem af honum fór fyrir myndarskap. Egill kippti sér ekkert sérlega upp við heimsókn konungs. Gekk hann ávallt með hatt og neitaði nú að taka hann ofan fyrir kóngi. Kvaðst Egill ekki vilja gera upp á milli manna. Þá mun Egill hafa geymt vínflösku á bak við þil ofarlega í baðstofunni sem enginn sá til nema hinn hávaxni konungur sem henti gaman að.¹³

Egill lést 23. janúar 1923. Var haft á orði að þegar líkfylgdin fór fram hjá hverasvæðinu í Haukadal þá hafi Geysir gosið einu af sínum tignarlegustu gosum sem sennilega hefur verið sjálfsprottið. Hins vegar fékkst ekkert hljóð út úr orgelinu sama hvað var reynt. Skilvinda var ekki með í för og því var Egill jarðsunginn án undirleiks.¹⁴

Heimildir:

Ljósmynd af Agli Þórðarsyni (HérÁrn, ljósmyndari ókunnur)

-*Héraðsskjalasafn Arnesinga*. Jóhann Kr. Ólafsson. 1955. Nokkur greinagerð um ábúendur í

Biskupstungnahreppi í sambandi við manntalið 1901. Höf. Jóhann Kr. Ólafsson.

———. Ministerialbók Torfastaðaprestakalls.

Arnór Karlsson. „Konungskoman 1907.“ *Litli Bergþór. Málagn Ungmennafélags Biskupstungna*. 28: 2. (2007). Bls. 14-15.

Guðríður Þórarinsdóttir. „Þórdís Egilsdóttir frá Kjóstöðum“. *Inn til fjalla. Rit félags Biskupstungnamanna í Reykjavík* I. Ritstj. [Guðríður Þórarinsdóttir]. 2. prt. Reykjavík, 1991. Bls. 120-26.

Gunnar Karlsson. „Sagan af jarðarför Egils á Kjóstöðum.“ *Litli Bergþór. Málagn Ungmennafélags Biskupstungna*. 14: 3. (1993). Bls. 10.

Halldór Gestsson og Páll Lýðsson. Ábúendatal Árnessýslu frá 1703 til ca. 2000. Endurbætt útgáfa 2006. Handrit í eigu höfunda

Hannes Þorsteinsson. *Hannes Þorsteinsson. Endurminningar og hugleiðingar um hitt og þetta, er á dagana hefur drifið. Ritadar af honum sjálfum 1926–1928*. Ritstj. Þorsteinn Þorsteinsson bjó til prentunar. [Án útg.st.], 1962.

„Mannalát.“. *Almanak fyrir árið 1935. Safn til Landnáms sögu Íslendinga í Vesturheimi og fleira* 41. (1935). Bls. 97-102.

Hrunamenn. Ábúendur og saga Hrunamannahrepps frá 1890. Ritstj. Þorsteinn Jónsson. 2. bindi. *Íslendingar, attir, byggðir og bú. Árnessýsla* 1. Reykjavík, 1999.

- ¹ Richard Beck. „Joseph T. Thorson.“ *Inn til fjalla. Rit félags Biskupstungnamanna í Reykjavík I*. Ritstj. [Guðríður Þórarinsdóttir]. Reykjavík, 1991. Bls. 127 í 127-40; Halldór Gestsson og Páll Lýðsson. *Ábúendatal Árnassýslu frá 1703 til ca. 2000*. Endurbætt útgáfa 2006. ; *Héraðsskjalasafn Árnesinga*. Ministerialbók Torfastaðaprestakalls. ; Hannes Þorsteinsson. *Hannes Þorsteinsson. Endurminningar og hugleiðingar um hitt og þetta, er á dagana hefur drifið. Ritaðar af honum sjálfum 1926–1928*. ritstj. Þorsteinn Þorsteinsson bjó til prentunar. [Án útg.st.], 1962. Bls. 68-70, 76; Hannes Þorsteinsson. „Þórður frá Hólum.“ *Inn til fjalla. Rit félags Biskupstungnamanna í Reykjavík I*. Ritstj. [Guðríður Þórarinsdóttir]. Reykjavík, 1991. Bls. 149-50 í 149-56. „Mannalát“. *Almanak fyrir árið 1935. Safn til Landnámssögu Íslendinga í Vesturheimi og fleira* 41. (1935). Bls. 99 í bls. 97-102.
- ² -*Héraðsskjalasafn Árnesinga*. Ministerialbók Torfastaðaprestakalls.
- ³ Hannes Þorsteinsson. *Hannes Þorsteinsson. Endurminningar og hugleiðingar um hitt og þetta, er á dagana hefur drifið. Ritaðar af honum sjálfum 1926–1928*. ritstj. Þorsteinn Þorsteinsson bjó til prentunar. [Án útg.st.], 1962. Bls. 70.
- ⁴ -*Héraðsskjalasafn Árnesinga*. Jóhann Kr. Ólafsson. 1955. Nokkur greinagerð um ábúendur í Biskupstungnahreppi í sambandi við manntalið 1901. Höf. Jóhann Kr. Ólafsson.
- ⁵ *Hrunamenn. Ábúendur og saga Hrunamannahrepps frá 1890*. Ritstj. Þorsteinn Jónsson. Bindi 2. *Íslendingar, ættir, byggðir og bú. Árnassýsla* Reykjavík, 1999. Bls. 539.
- ⁶ -*Héraðsskjalasafn Árnesinga*. Jóhann Kr. Ólafsson. 1955. Nokkur greinagerð um ábúendur í Biskupstungnahreppi í sambandi við manntalið 1901. Höf. Jóhann Kr. Ólafsson.
- ⁷ Halldór Gestsson og Páll Lýðsson. *Ábúendatal Árnassýslu frá 1703 til ca. 2000*. Endurbætt útgáfa 2006. Handrit í eigu höfunda
- ⁸ Hannes Þorsteinsson. *Hannes Þorsteinsson. Endurminningar og hugleiðingar um hitt og þetta, er á dagana hefur drifið. Ritaðar af honum sjálfum 1926–1928*. ritstj. Þorsteinn Þorsteinsson bjó til prentunar. [Án útg.st.], 1962. Bls. 69-70.
- ⁹ -*Héraðsskjalasafn Árnesinga*. Jóhann Kr. Ólafsson. 1955. Nokkur greinagerð um ábúendur í Biskupstungnahreppi í sambandi við manntalið 1901. Höf. Jóhann Kr. Ólafsson.
- ¹⁰ Gunnar Karlsson. „Sagan af jarðarför Egils á Kjóstöðum“. *Litli Bergþór. Málagn Ungmennafélags Biskupstungna*. 14: 3. (1993) í bls. 10.
- ¹¹ -*Héraðsskjalasafn Árnesinga*. Jóhann Kr. Ólafsson. 1955. Nokkur greinagerð um ábúendur í Biskupstungnahreppi í sambandi við manntalið 1901. Höf. Jóhann Kr. Ólafsson; Guðríður Þórarinsdóttir. „Þórdís Egilsdóttir frá Kjóstöðum.“ *Inn til fjalla. Rit félags Biskupstungnamanna í Reykjavík I*. Ritstj. [Guðríður Þórarinsdóttir]. Reykjavík, 1991. Bls. 121 í 120-26; Hannes Þorsteinsson. *Hannes Þorsteinsson. Endurminningar og hugleiðingar um hitt og þetta, er á dagana hefur drifið. Ritaðar af honum sjálfum 1926–1928*. ritstj. Þorsteinn Þorsteinsson bjó til prentunar. [Án útg.st.], 1962. Bls. 70.
- ¹² Gunnar Karlsson. „Sagan af jarðarför Egils á Kjóstöðum“. *Litli Bergþór. Málagn Ungmennafélags Biskupstungna*. 14: 3. (1993) í bls. 10.
- ¹³ Arnór Karlsson. „Konungskoman 1907“. *Litli Bergþór. Málagn Ungmennafélags Biskupstungna*. 28: 2. (2007). Bls. 15 í bls. 14-15.
- ¹⁴ Sama heimild; Hannes Þorsteinsson. *Hannes Þorsteinsson. Endurminningar og hugleiðingar um hitt og þetta, er á dagana hefur drifið. Ritaðar af honum sjálfum 1926–1928*. ritstj. Þorsteinn Þorsteinsson bjó til prentunar. [Án útg.st.], 1962. Bls. 70.